

Áveitan

11. töl. 6. árgangur. Nóvember 2012

Valdimar í Þingborg

Þriðji og síðasti viðburður Tónahátíðar félagsheimila Flóahrepps 2012 verður haldinn laugardaginn 24. nóvember.

Hin vinsæla hljómsveit *Valdimar* mun þá halda tónleika í Þingborg en hljómsveitin er um þessar mundir að gefa út sína aðra breiðskífu sem hlotið hefur nafnið „Um stund“.

Hljómsveitina skipa Valdimar Guðmundsson, Ásgeir Aðalsteinsson, Högni Þorsteinsson, Kristinn Evertsson, Þorvaldur Halldórsson og Guðlaugur Már Guðmundsson.

Valdimar hefur öðlast gífurlegar vinsældir með lög af fyrri plötu sinni, Undralandi og eru Sunnlendingar hvattir til að taka kvöldið frá og láta þetta frábæra tækifæri ekki fram hjá sér fara.

Húsið opnar kl. 20:30 og tónleikar hefjast kl. 21:00. Miðapantanir og nánari upplýsingar eru í síma 691-7082.

Tónahátíðin er styrkt af Menningarráði Suðurlands.



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Frá Sveitarstjóra

Fjárhagsáætlanir

Þessa dagana er verið að vinna að fjárhagsáætlun Flóahrepps fyrir árið 2013.

Samkvæmt nýjum sveitarstjórnarlögum þarf nú að gera áætlun til fjögurra ára í senn, næsta árs áætlun og svo þrjú ár þar á eftir.

Liður í undirbúningsvinnu er að kalla eftir tillögum frá stjórnendum skóla og nefndum sveitarfélagsins ásamt því að yfirfara gjaldskrár. Fyrsta umræða um fjárhagsáætlun verður 31. október.

Tónahátíð

Tveir viðburðir hafa verið haldnir í tengslum við Tónahátíð 2012.

Laugardaginn 6. október var tríó með listamönnunum Hlín Pétursdóttur Behrens, sópran, Hólmfríði Jóhannsdóttur, mezzosópran og Jóni Sigurðssyni píanóleikara með söngtónleika í Þjórsárveri.

Tríóið var stofnað fyrir rúmu ári síðan og hafa þau m.a. komið fram á sumartónleikum á Austurlandi og í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar. Á efnisskránni voru aríur og dúettar. Athygli vöktu gamandúettar eftir Þórunni Guðmundsdóttur og Hildigunni Rúnarsdóttur við ljóð eftir Davíð Þór Jónsson.

Laugardaginn 13. október var hljómsveitin Dirrindí með tónleika í Félagslundu. Dirrindí var stofnuð árið 1995 af Jónasi Má Hreggviðssyni og Guðmundi Þór Jóhannessyni. Hljómsveitina skipa einnig Sigurður Óli Kristinsson, Ingólfur Arnar Þorvaldsson og Daníel Snorrason; allir nátengdir Hraungerðishreppi hinum forna. Hljómsveitin hefur gefið út diskinn Lóan er komin. Tónleikar Dirrindí voru vel sóttir og vel heppnaðir.

Þessi tónleika/viðburðaröð var undirbúin og skipulögð af rekstarstjórn og húsvörðum félagsheimila Flóahrepps og eiga þau hrós skilið fyrir frábært framtak. Menningarráð Suðurlands veitti styrk til Tónahátíðarinnar.

Búfjárefirlit

Minnt er á gjald sem tekið er fyrir sérstaka haustskoðun og eru bændur hvattir til að skila inn skýrslum til að komist verði hjá innheimtu slíkra gjalda.

Velferðarnefnd Árneshvíkinga

Velferðarþjónusta Árneshvíkinga í Laugarási hefur fengið nýtt símanúmer. 480-1180
Fax: 480-1181

Ný heimasíða er í smíðum og verður komin í loftið innan tíðar, www.laugaras.is
Félagsmálastjóri er María Kristjánsdóttir og starfsstöð Velferðarþjónustu Árneshvíkinga fyrir Flóahrepp er í Heilsugæslunni Laugarási.

Þjóðaratkvæðagreiðsla

Kosningaþátttaka í Flóahreppi 20. október s.l. vegna ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögur stjórnlagaráðs var 49,3%. Það voru 227 kjósendur sem greiddu atkvæði en á kjörskrá voru 460 manns.

Ljósleiðaratengingar

Sveitarstjórn Flóahrepps hefur samþykkt að gerð verði forhönnun og kostnaðaráætlun fyrir ljósleiðaralagnir í sveitarfélaginu. Rætt er um að ljósleiðaralagnir séu nútímasamgöngur og mikilvægt að hafa þær samgöngur í lagi til að tryggja jöfnuð milli þéttbýlis og byggðar í dreifbýli. Það kemur síðan í ljós þegar kostnaðaráætlun hefur verið gerð hvort ráðist verði í framkvæmdir. Eðlilegt væri að ríkið tæki þátt í verkefnum af þessu tagi með framlagi úr Fjarskiptasjóði en eins og staðan er í dag er þetta alfarið mál sveitarfélaganna.

Frá Hraungerðiskirkju

Aðventustund í Hraungerðiskirkju sunnudaginn 2. desember kl. 20.30. Ræðumaður verður Olga Lísa Garðarsdóttir skólameistari FSU. Fermingarbörnin taka þátt í stundinni. Prestar verða sr. Óskar H Óskarsson og sr. Axel Árnason Njarðvík. Söngkór Hraungerðisprestakalls leiðir söng og organisti er Ingi Heiðmar Jónsson.

Aðventustund í Villingaholtskirkju fyrir starfsfólk og börn í Flóaskóla verður í byrjun aðventu á skólatíma.

Við hlökkum til að sjá þig í kirkjunum okkar.

f.h. sóknarnefnda Hraungerðis- og Villingaholtssókna
Sólveig Þórðardóttir

Ísskápur og vetrardekk til sölu

Höfum til sölu stállitaðan ísskáp með frystihólfi, hæð 155 cm.
Einnig til sölu óslitin negld Winterfox vetrardekk 235/75/15.
Upplýsingar gefur Reynir í síma 898-0929

Fréttir frá Krakkaborg

Í Krakkaborg er nóg að gera eins og alltaf og var októbermánuður þar engin undantekning. Börn og starfsfólk hvorrar deildar buðu til fjölskyldukaffis þar sem foreldrum, ömmum, öfum og öðrum fjölskyldumeðlimum var boðið í kaffi. Börnin á Tígra- og Strumpadeildum voru búin að baka í tilefni dagsins og buðu upp á banana- og kryddbrauð. Við viljum þakka öllum þeim sem komu í kaffi til okkar kærlega fyrir komuna og gott spjall.

Um miðjan mánuðinn fóru elstu börn leikskólans í sína fyrstu heimsókn í Flóaskóla. Það voru stolt börn sem biðu eftir skólabílum um morguninn og speningurinn leyndi sér ekki. Í Flóaskóla var vel tekið á móti krökkunum, þau fóru í skoðunarferð um skólann, fóru í allskonar verkefnavinnu með vinum sínum í 1. bekk og fóru líka í frímínútur sem þeim fannst rosalega spennandi. Næsta heimsókn verður miðvikudaginn 14. nóvember.

Í Krakkaborg erum við að fara af stað með þróunarverkefnum sem heitir „Við eigum öll leikinn saman“. Verkefnið er unnið samstarfi við Gunnlaug Sigurðsson lektor við Háskóla Íslands og gengur út á það að greina leik barna og kortleggja hvort og þá hvernig börn eiga í lýðræðislegum samskiptum. Í framhaldinu er stefnt að því að þróa leiðir fyrir starfsfólk til að kenna börnum markvisst að nota lýðræði í auknum mæli í samskiptum sínum og leik.

Leikskólinn Krakkaborg fékk styrk úr Sprotasjóði vegna þróunarverkefnisins og til gamans má geta þess að starfsfólk Krakkaborgar mun fjalla nánar um verkefnið á málþinginu „Vaxtarsprotar í skólastarfi“ sem haldið verður í Lækjarskóla laugardaginn 10. nóvember n.k. Málþingið er öllum opið og ef fólk hefur áhuga á að skrá sig er hægt á vefsíðunni www.skolathroun.is

Í nóvember fara börn á elstu deild leikskólans í menningarferð á bókasafnið á Selfossi. Þar fá krakkarnir að skoða safnið, hlusta á sögur og einnig fá nokkrar bækur lánaðar til að taka með í leikskólann. Í nóvember verður einnig haldin föndurstund með foreldrum og fjölskyldum barnanna en þá verður fönðrað jólasbraut, piparkökur málaðar og einnig verða jólaljósín á stóra jólatrénu við leikskólann tendruð. Nóg af skemmtilegum verkefnum framundan eins og alltaf.

Bestu kveðjur, Hallfríður Ó. Aðalsteinsdóttir
Aðstoðarleikskólastjóri, Krakkaborg

Æskulýðsnefnd Sleipnis hlýtur viðurkenningu

Æskulýðsnefnd Landssambands hestamannafélaga afhendir æskulýðsbikar LH á hverju ári til þess félags er þykir skara fram úr í æskulýðsmálum, og barna- og unglingastarfinu. Í ár var það hestamannafélagið Sleipnis sem hlaut þessa eftirsóttu viðurkenningu og var þeim afhentur bikarinn á nýliðnu landsþingi hestamanna sem haldið var í Reykjavík á dögunum. Áveitan óskar æskulýðsnefndinni til hamingju með sitt góða starf.

Húsnæðismál leikskólans í Flóahreppi

Á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps í byrjun okt s.l. lagði ég fram minnisblað um þá vinnu sem fram hefur farið undanfarið við að skoða húsnæðismál leikskólans til framtíðar. Í þessu minniblaði kemur m.a. eftirfarandi fram.

Í byrjun árs 2011 var ljóst að húsnæði leikskólans var fullnýtt og ekki víst að hægt yrði að tryggja öllum börnum sem þess óska leikskólavist ef börnum fjölgaði áfram í sveitarfélaginu. Núverandi húsnæði skólans í Þingborg þarfnast orðið viðhalds og æskilegt væri að gera þar ákveðnar breytingar til þess að það nýtist sem best fyrir starfseminna.

Til að meta líkur á fjölda leikskólabarna á næstu árum var horft til íbúaþróunar á síðustu árum og hlutfall leikskólabarna á síðustu áratugum. Samkvæmt því, ef miðað er við núverandi íbúatölu, má búast við fjölda leikskólabarna á bilinu 30 til 60 í sveitarfélaginu.

Nokkrir möguleikar hafa verið til skoðunar til þess að auka húsnæði leikskólans. Reynt hefur verið að efla umræðu meðal íbúa um málefnið. Haldnir hafa verið tveir íbúafundir. Sá fyrri var haldinn 17. febr. 2011 af fræðslunefnd. Fundurinn var boðaður til að fá hugmyndir og álit þeirra sem byggja samfélagið á því hvernig húsnæðismálum leikskólans er best hagað til framtíðar.

Ýmislegt bendir til þess, að í því geti falist ávinningur, fyrir bæði skólastigin að hafa rekstur þeirra nær hvor öðrum og auka samvinnu þeirra enn frekar. Nauðsynlegt er samt að ræða þennan möguleika vel í samfélaginu áður en lengra er haldið. Annar íbúafundur var haldinn 3. nóv. 2011. Hann var haldinn til þess að velta fyrir sér mögulegum ávinningi að því að færa leikskólann frá Þingborg að Flóaskóla.

Verkfræðistofan Mannvit var fengin til þess að leggja mat á viðhalds- og framkvæmdaþörf við endurbætur á núverandi húsnæði skólans. Mannviti var jafnframt falið að leggja mat á mögulega stækkun húsnæðisins og hugsanlegan kostnað við það.

Í framhaldi af íbúafundi 3. nóv. var M2 teiknistofa fengin til þess meta aðstöðuna í og við Flóaskóla með tillit til þess að færa leikskólann þangað. Í stuttu máli var niðurstaða sú í þeirri athugun að í og við Flóaskóla væri nægt húsnæði í fermetrum talið fyrir leikskólann jafnvel þó nemendum beggja skólanna fjölgaði á næstu árum.

Samt sem áður er nauðsynlegt að ráðast í framkvæmdir við breytingar á húsnæði og gerð leikssvæðis ef farin verði þessi leið. Samkvæmt beiðni sveitarstjórnar gerði M2 teiknistofa gróft kostnaðarmat á ákveðnum útfærslum í því sambandi.

Á vinnufundi sveitarstjórnar með fræðslunefnd 23. maí 2012 var samþykkt samhljóða að leita eftir faglegri og kostnaðarlegri úttekt á leikskólastarfinu miðað við að flytja leikskólann í Flóaskóla eða hafa leikskólann áfram í Þingborg.

Þeir möguleikar sem kostnaðarmetnir hafa verið með tillit til framkvæmda í þessari vinnu eru eftirfarandi:

1. Viðgerð og endurbætur á núverandi húsnæði miðað við að stækka skólann ekki og reka bara leikskóla fyrir 40 börn. **Áætlaður kostnaður 17,8 millj.** (Mannvit maí 2011)
2. Viðgerð og endurbætur á núverandi húsnæði ásamt því að byggja við 80m³ viðbyggingu. Leikskóli fyrir 55 börn. **Áætlaður kostnaður 46,4 millj.** (Mannvit maí 2011)
3. Ný leikskólabygging 440 m² og 5000 m² lóð. Núveraðndi húsnæði selt. Leikskóli fyrir 55 börn. **Áætlaður kostnaður 138 til 168 millj.** (Mannvit maí 2011)
4. Leikskóla komið fyrir í húsnæði Flóaskóla ásamt því að íbúðarhús við Flóaskóla verði nýtt fyrir skólastarfsemina. Núverandi húsnæði selt (Mannvit maí 2011) **Áætlaður kostnaður 7,8 millj.** (M2 maí 2012)
5. Sama og 4 auk þess stækkun á Flóaskóla um 4 kennslustofur. Núverandi húsnæði selt (Mannvit maí 2011) **Áætlaður kostnaður 50,9 millj.** (M2 maí 2012)
6. Sama og 4 auk þess stækkun á Flóaskóla um 2 kennslustofur og bygging á íþróttahúsi 1350 m². Núverandi húsnæði selt (Mannvit maí 2011) **Áætlaður kostnaður 409,9 millj.** (M2 maí 2012)
7. Sama og 4 auk þess stækkun á Flóaskóla um 2 kennslustofur og bygging á íþróttahúsi 850 m². Núverandi húsnæði selt (Mannvit maí 2011) **Áætlaður kostnaður 271 millj.** (M2 maí 2012)

Það skal tekið fram að um gróft kostnaðarmat er að ræða. Í aðalatriðum skiptist hann í eftirfarandi þætti í millj. króna.

	1	2	3a	3b	4	5	6	7	
viðgerð á núv. húsnæði	17,8	14,3							Mannvit 05.11
viðbygging v/Þingborg		32,1							Mannvit 05.11
nýr leikskóli f/grunni			158						Mannvit 05.11
nýr leikskóli f/gr. ódýr				128					Mannvit 05.11
ný leikskólalóð 5000m ²			40	40					Mannvit 05.11
breyting Flóaskóla					10,4	10,4	10,4	10,4	M2 05.12
breyting íb.h v/Flóaskóla					10	10	10	10	M2 05.12
leikskólalóð v/ Flóask.					17,4	17,4	17,4	17,4	M2 05.12
stækkun Flóaskóla 4st.						43,1			M2 05.12
stækkun 2st. (m/íþr.h.)							21,5	21,5	M2 05.12
1350m ² íþróttahús							380,6		M2 05.12
850m ² íþróttahús								241,7	M2 05.12
núverandi leiksk. seldur.			-30	-30	-30	-30	-30	-30	Mannvit 05.11
samtals:	17,8	46,4	168	138	7,8	50,9	409,9	271	

Þetta minnisblað var afgreitt á fundinum með eftirfarandi bókun sem samþykkt var samhljóða:

„Lagt fram minnisblað oddvita vegna húsnæðismála leikskólans í Flóahreppi.

Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir því við fræðslunefnd að hún komi með tillögu að aðila til að taka út faglega starfssemi leik-og grunnskóla miðað við annars vegar að hafa leikskólann áfram í Þingborg og hins vegar að færa leikskólann í Flóaskóla.“

Aðalsteinn Sveinsson
Oddviti Flóahrepps

Frá Umf. Vöku:

Fréttir af aðalfundi leikdeildar

Aðalfundur leikdeildar Umf. Vöku var haldinn sunnudagskvöldið 28. október síðastliðinn. Sjö félagar mættu á fundinn sem var fjörugur að vanda. Stjórnin gaf öll kost á sér til áframhaldandi setu og verður hún þess vegna óbreytt á næsta ári. Guðmunda Ólafsdóttir formaður, Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir gjaldkeri og Ásrún Halla Loftsdóttir ritari. Aðal umræðuefni fundarins var hvað hægt væri að gera á næsta ári í tilefni 10 ára afmælis leikdeildarinnar. Ákveðið var að halda einhverskonar afmælisfagnað í kringum 5. apríl en þá eru 10 ár síðan félagið frumsýndi Gullna hliðið. Vakin var athygli á raddbeitingarnámskeiði sem Leikfélag Selfoss stendur fyrir á næstunni og er áhugasömum bent á að hafa samband við Guðmundu í tölvupóstfangið guo22@hi.is til að fá frekari upplýsingar um það.

GÓ

Árgjald Umf. Vöku

Nú er komið að því að innheimta árgjöld Umf. Vöku fyrir árið 2012. Allir félagsmenn 12 ára og eldri greiða árgjald og er það 700 kr á ári. Félagar geta annaðhvort greitt í gegnum heimabanka eða haft samband við bankann sinn og beðið gjaldkera um að millifæra.

Gott væri að setja nafn og kennitölu viðkomandi félagsmanna sem skýringu. Vakni einhverjar spurningar, endilega hafið samband í síma 845-9719 eða í tölvupósti lyngh@emax.is

Kennitala Umf. Vöku 471077-0389

Reikningur 0152-26-2216

Með kveðju, Hallfríður Ó. Aðalsteinsdóttir
gjaldkeri Umf. Vöku

Úrslit af Samhygðar og Vökumóti, haldið á Selfossvelli 2. september 2012

Karlar

100m hlaup

1. Haraldur Einarsson	87	Vaka	11,2 sek
2. Kristinn Þór Kristinsson	89	Samhygð	11,4 sek
3. Arnar Einarsson	96	Vaka	11,7 sek
4. Bjarni Már Ólafsson	91	Vaka	11,7 sek
5.-6. Alexander Erlendsson	88	Samygð	13,1 sek
6.-5. Daniel Hans Erlendsson	97	Samhygð	13,1 sek
7. Matthías Pálmason	97	Samhygð	13,2 sek
8. Jón Þór Pálsson	97	Vaka	13,9 sek
9. Jóann Páll Smáráson	97	Vaka	14,6 sek
10. Alexander Jón Másson	98	Samhygð	13,5 sek
11. Dagur Fannar Einarsson	02	Vaka	15,6 sek

Mótsmet

Kúluvarp

1. Stefán Geirsson	81	Samhygð	11,91 m
2. Haraldur Einarsson	87	Vaka	10,86 m
3. Rúnar Hjálmarsson	87	Vaka	10,25 m
4. Bjarni Már Ólafsson	91	Vaka	9,67 m
5. Einar Helgi Haraldsson	62	Vaka	9,47 m
6. Ágúst Valdísarson	88	Samhygð	9,25 m
7. Kristinn Þór Kristinsson	89	Samhygð	9,17 m
8. Alexander Erlendsson	88	Samygð	8,98 m
9. Jón Þór Pálsson	97	Vaka	7,18 m
10. Guillaume Filion		Samhygð	7,09 m
11. Matthías Pálmason	97	Samhygð	6,81 m
12. Jón M. Ívarsson		Samhygð	6,67 m
13. Jóann Páll Smáráson	97	Vaka	5,14 m
14. Markús Ívarsson		Samhygð	5,03 m
15 Alexander Jón Másson	98	Samhygð	4,48 m

Langstökk

1. Bjarni Már Ólafsson	91	Vaka	6,41 m
2. Haraldur Einarsson	87	Vaka	6,27 m
3. Kristinn Þór Kristinsson	89	Samhygð	5,53 m
4. Arnar Einarsson	96	Vaka	5,15 m
5. Rúnar Hjálmarsson	87	Vaka	5,06 m
6. Guillaume Filion		Samhygð	4,65 m
7. Alexander Erlendsson	88	Samygð	4,41 m
8. Daniel Hans Erlendsson	97	Samhygð	4,34 m
9. Matthías Pálmason	97	Samhygð	4,22 m
10. Jóann Páll Smáráson	97	Vaka	4,17 m
11. Jón Þór Pálsson	97	Vaka	4,03 m
12. Alexander Jón Másson	98	Samhygð	3,58 m

Spjótkast

1. Bjarni Már Ólafsson	91	Vaka	44,28 m
2. Örvar Rafn Hlíðdal		Vaka	38,25 m
3. Haraldur Einarsson	87	Vaka	37,69 m
4. Stefán Geirsson	81	Samhygð	36,40 m
5. Rúnar Hjálmarsson	87	Vaka	34,70 m
6. Alexander Erlendsson	88	Samygð	30,22 m
7. Arnar Einarsson	96	Vaka	28,37 m
8. Ágúst Valdísarson	88	Samhygð	26,27 m
9. Kristinn Þór Kristinsson	89	Samhygð	25,10 m
10. Jóann Páll Smárason	97	Vaka	20,91 m
11. Alexander Jón Másson	98	Samhygð	20,66 m
12. Guillame Filion		Samhygð	20,60 m
13. Jón Þór Pálsson	97	Vaka	19,11 m

Þrístökk

1. Haraldur Einarsson	87	Vaka	13,78 m	Mótsmet
2. Bjarni Már Ólafsson	91	Vaka	13,68 m	
3. Kristinn Þór Kristinsson	89	Samhygð	11,14 m	
4. Rúnar Hjálmarsson	87	Vaka	10,60 m	
5. Arnar Einarsson	96	Vaka	9,93 m	
6. Alexander Erlendsson	88	Samygð	9,49 m	
7. Jóann Páll Smárason	97	Vaka	9,27 m	
8. Jón Þór Pálsson	97	Vaka	9,02 m	
9. Guillame Filion		Samhygð	8,93 m	
10. Alexander Jón Másson	98	Samhygð	8,39 m	
11. Matthías Pálmason	97	Samhygð	8,30 m	

800m hlaup

1. Kristinn Þór Kristinsson	89	Samhygð	1:56,1 mín	Mótsmet
2. Haraldur Einarsson	87	Vaka	2:18,3 mín	
3. Arnar Einarsson	96	Vaka	2:28,3 mín	
4. Rúnar Hjálmarsson	87	Vaka	2:28,8 mín	
5. Daníel Hans Erlendsson	97	Samhygð	2:30,9 mín	
6. Matthías Pálmason	97	Samhygð	2:31,3 mín	
7. Alexander Jón Másson	98	Samhygð	2:32,2 mín	
8. Jón Þór Pálsson	97	Vaka	2:47,2 mín	
9. Dagur Fannar Einarsson	02	Vaka	3:01,2 mín	
10. Jóann Páll Smárason	97	Vaka	3:03,5 mín	
11. Guillame Filion		Samhygð	3:04,1 mín	

Konur

100m hlaup

1. Halldóra Markúsdóttir	87	Samhygð	14,1 sek
2. Heiða Kristín Másdóttir	89	Samhygð	14,7 sek
3. Helga Björg Helgadóttir	87	Vaka	14,9 sek
4. Guðmunda Ólafsdóttir	89	Vaka	14,9 sek
5. Guðrún Inga Helgadóttir	97	Vaka	15,6 sek
6. Ingibjörg Markúsdóttir	85	Samhygð	16,0 sek
7. Ingveldur Geirsdóttir	77	Samhygð	17,2 sek
8. Sólveig Rós Másdóttir	84	Samhygð	17,3 sek
9. Hugrún Geirsdóttir	85	Samhygð	17,8 sek

Langstökk

1. Halldóra Markúsdóttir	87	Samhygð	4,37 m
2. Guðmunda Ólafsdóttir	89	Vaka	4,07 m
3. Heiða Kristín Másdóttir	89	Samhygð	4,02 m
4. Helga Björg Helgadóttir	87	Vaka	3,77 m
5. Ingibjörg Markúsdóttir	85	Samhygð	3,74 m
6. Guðrún Inga Helgadóttir	97	Vaka	3,72 m
7. Ingveldur Geirsdóttir	77	Samhygð	3,35 m
8. Hugrún Geirsdóttir	85	Samhygð	3,12 m
9. Sólveig Rós Másdóttir	84	Samhygð	3,04 m

Kringlukast

1. Guðmunda Ólafsdóttir	89	Vaka	22,39 m
2. Ingibjörg Markúsdóttir	85	Samhygð	21,25 m
3. Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir	80	Vaka	20,35 m
4. Marta Jónsdóttir	76	Samhygð	19,46 m
5. Halldóra Markúsdóttir	87	Samhygð	17,85 m
6. Guðrún Inga Helgadóttir	97	Vaka	16,57 m
7. Heiða Kristín Másdóttir	89	Samhygð	15,86 m
8. Ingveldur Geirsdóttir	77	Samhygð	15,58 m
9. Sólveig Rós Másdóttir	84	Samhygð	13,13 m
10. Helga Björg Helgadóttir	87	Vaka	11,97 m

Kúluvarp

1. Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir	80	Vaka	9,30 m
2. Ingibjörg Markúsdóttir	85	Samhygð	8,94 m
3. Guðmunda Ólafsdóttir	89	Vaka	7,76 m
4. Heiða Kristín Másdóttir	89	Samhygð	7,31 m
5. Halldóra Markúsdóttir	87	Samhygð	7,09 m
6. Helga Björg Helgadóttir	87	Vaka	6,97 m
7. Ingveldur Geirsdóttir	77	Samhygð	6,93 m
8. Marta Jónsdóttir	76	Samhygð	6,44 m
9. Guðrún Inga Helgadóttir	97	Vaka	5,98 m
10. Sólveig Rós Másdóttir	84	Samhygð	5,79 m

Bristökk

1. Halldóra Markúsdóttir	87	Samhygð	9,06 m
2. Ingibjörg Markúsdóttir	85	Samhygð	8,55 m
3. Guðmunda Ólafsdóttir	89	Vaka	8,19 m
4. Heiða Kristín Másdóttir	89	Samhygð	8,17 m
5. Guðrún Inga Helgadóttir	97	Vaka	7,70 m
6. Helga Björg Helgadóttir	87	Vaka	7,53 m
7. Sólveig Rós Másdóttir	84	Samhygð	5,66 m

800m hlaup

1. Halldóra Markúsdóttir	87	Samhygð	3:01,7 mín
2. Guðmunda Ólafsdóttir	89	Vaka	3:08,7 mín
3. Heiða Kristín Másdóttir	89	Samhygð	3:22,8 mín
4. Hugrún Geirsdóttir	85	Samhygð	3:34,4 mín
5. Helga Björg Helgadóttir	87	Vaka	3:51,9 mín
6. Ingibjörg Markúsdóttir	85	Samhygð	4:00,5 mín
7. Sólveig Rós Másdóttir	84	Samhygð	4:01,3 mín
8. Ingveldur Geirsdóttir	77	Samhygð	4:03,0 mín

Bestu afrek karla

Kristinn Þór Kristinsson	89	Samhygð	800m 1:56,1 mín	865 stig
Haraldur Einarsson	87	Vaka	100m 11,2 sek	813 stig
Haraldur Einarsson	87	Vaka	Þrist. 13,78 m	810 stig

Bestu afrek kvenna

Halldóra Markúsdóttir	87	Samhygð	100m 14,1 sek	710 stig
Heiða Kristín Másdóttir	89	Samhygð	100m 14,7 sek	631 stig
Helga Björg Helgadóttir	87	Vaka	100m 14,9 sek	605 stig

Stigakeppni einstaklinga

Haraldur Einarsson	Vaka	31 stig
Bjarni Már Ólafsson	Vaka	23 stig
Kristinn Þór Kristinsson	Samhygð	19 stig
Halldóra Markúsdóttir	Samhygð	28 stig
Guðmunda Ólafsdóttir	Vaka	27 stig
Heiða Kristín Másdóttir	Samhygð	19 stig
Ingibjörg Markúsdóttir	Samhygð	19 stig

Heildarstigakeppni

Konur	Samhygð	Vaka
Karlar	72 stig	54 stig
Samtals	38 stig	88 stig
	110 stig	142 stig

Keppendur til stiga

Samhygð	13 keppendur
Vaka	10 keppendur

Kvíga til sölu

Tveggja ára risastór kvíga til sölu í Króki. Burðartími í desember. Vel ættuð, spök og góð.

Lilja í Króki

Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps:

Herbergiskvöld

Herbergiskvöld verður mánudaginn 12. nóv.n.k. kl. 20:00 í Þingborg. Þema kvöldsins verður kertaskreytingar. Þær sem hafa áhuga koma með kubbakerti með sér. Verð á námskeiðsefni verður stillt í hóf. Hlökkum til að sjá ykkur. Nánari upplýsingar hjá Veroniku í síma 898 1061.

Heimakvöldvaka

Að þessu sinni býður Bryndís Snorradóttir í Oddgeirshólum kvenfélagskonum heim til sín, fimmtudagskvöldið 15. nóv. nk. kl 20:30. Að venju verða jólakort SSK til sýnis og sölu. Allar koma með eitthvað á hlaðborðið. Alltaf gaman að koma saman og hittast með handavinnu eða bara til að spjalla.

Kökubasar Kvenfélags Hraungerðishrepps

Verðum með kökubasar í anddyrinu hjá Krónunni 30.nóvember n.k. kl. 13:00. Allt kemur til greina stórar rjómatertur, marenstertur, lagturtur, smákökur, jólakökur, brauð og fl. Nánari upplýsingar gefa:

Hilda sími 482-1058, gsm 8564979

Elínborg sími 482-2313, gsm 8995461

Veronika sími 482-1060, gsm 8981061

Jólafundur Kvenfélags Hraungerðishrepps

Jólafundur Kvenfélags Hraungerðishrepps verður haldinn laugardaginn 15. desember að Gistiheimilinu Lambastöðum kl: 11:00. Hátíðarmatur eftir fund í boði kvenfélagsins. Nýir félagar velkomnir. Takið daginn frá og eigum notalega stund saman.

Kaffihópur/matarhópur: Elín Magnúsdóttir, Guðrún Guðmundsdóttir, Helga Hermannsdóttir, Sigurbára Rúnarsdóttir, Rósa Haraldsdóttir, Þórunn Pétursdóttir, Halla Kjartansdóttir, Þórhildur Rúnarsdóttir.

Upplýsingar hjá Veroniku í síma 898 1061.

Stjórnin

Messa í Gaulverjabæjarkirkju

Messað verður í Gaulverjabæjarkirkju sunnudaginn 11. nóvember kl. 14:00. Prestur er Sr. Anna Sigríður Pálsdóttir.

Harmonikkuball í Básnum

Harmonikkufélag Selfoss heldur dansleik í Básnum í Ölfusi laugardagskvöldið 17. nóvember nk. frá kl. 21-01. Gamlir og nýir dansar og allir velkomnir.

Harmonikkufélagið

Frá Umf. Baldri:

Árgjald Umf. Baldurs

Ágætu félagar. Minnt er á greiðslu félagsgjalda fyrir árið 2012. Allir félagsmenn 14 ára og eldri greiða árgjald kr. 1.000.- Ekki er innheimt árgjald af yngri félagsmönnum. Félagar eru beðnir um að greiða árgjaldið með millifærslu í heimabanka eða hafa samband við banka og biðja um millifærslu. Reikningur Umf. Baldurs er 0586-26-979 kt. 471077-0979. Tilgreina þarf nafn og kennitölu greiðanda. Nánari upplýsingar gefur gjaldkeri, Svanhvít Hermannsdóttir, s. 482-2911 eða lambastadir@emax.is

Þorrablót

Hið árlega þorrablót Umf. Baldurs og Sandvíkurhrepps verður haldið í lok janúar eða byrjun febrúar 2013. Fylgist með á facebook-síðu félagsins og í næsta fréttabréfi

Einnig viljum við minna alla þá sem vilja vera með í að búa til og leika í annál fyrir árið 2012 að fylgjast með. Farið verður að ræða hvernig annállinn verður framsettur fljótlega í desember. Allir sem fæddir eru 1998 og fyrr eru velkomnir (Einnig fullorðið fólk). Og viljum við hvetja foreldra til að leyfa börnum sínum að vera með leitist þau eftir því, enda er starf ungmennafélaga mjög þroskandi og skemmtilegt.

Umf Baldur



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

Glimufréttir

Góð ferð á Reyðarfjörð

HSK sendi fjölmennt lið til keppni í Íslandsmeistarmóti 15 ára og yngri, Sveitaglímu sama aldurs og 1. umferðar Meistarmóts GLÍ sem haldin voru á Reyðarfirði laugardaginn 27. október. Þjótandi átti þar af 6 keppendur. Úrslit okkar fólks urðu eftirfarandi:

Íslandsmeistarmót 15 ára og yngri

Stúlkur 14 ára 2 keppendur
1.-2. Hanna Kristín Ólafsdóttir 1+0,5 v.

Strákar 14 ára 6 keppendur
2. Þorgils Kári Sigurðsson 4 v.
3. Jón Gunnþór Þorsteinsson 3 v.

Sveitaglíma Íslands 15 ára og yngri

Þar kepptu Hanna Kristín og Guðrún Inga í A-sveit HSK sem sigraði í flokki 14-15 ára. Jón Gunnþór og Þorgils Kári kepptu með HSK sveit í sama aldursflokki drengja en höfnuðu þar í öðru sæti á eftir sveit UÍA.

1. umferð í meistarmótaröð Glimusambandsins.

-65 kg konur 2 keppendur
2. Guðrún Inga Helgadóttir 0 v.

+65 kg konur 4 keppendur
1. Marín Laufey Davíðsdóttir 3 v.

Konur opinn flokkur 6 keppendur
1. Marín Laufey Davíðsdóttir 5 v.
2. Guðrún Inga Helgadóttir 3,5 v.

Karlar +90 kg 2 keppendur
1. Stefán Geirsson 2 v.

Karlar opinn flokkur 4 keppendur
1. Stefán Geirsson 3 v.

Fjórðungsglíma Suðurlands

Fjórðungsglíma Suðurlands verður haldinn að Laugalandi 8. nóvember og hefst kl. 19:00.

Keppt verður í eftirfarandi flokkum hjá báðum kynjum: 10 ára og yngri, 11 ára, 12 ára, 13 ára, 14 ára, 15 ára og í fullorðinsflokkum 16 ára og eldri. Þjótandi stefnir á að fara með sterkt lið til keppni af eldri keppendum og yngri.

2. umferð í mótaröð GLÍ

Önnur umferð mótaráðar GLÍ fer fram í Dalabúð í Búðardal laugardaginn 17. nóvember. Marín, Stefán, Guðrún Inga auk Dagbjartar Henný sem hóf æfingar hér í haust stefna á þáttöku þar og halda uppteknum hætti frá því á Reyðarfirði um daginn.

Æfingar

Glímuæfingar eru á mánudagskvöldum í Félagslundi frá 20 til 21. Aukaæfingar verða út nóvember á fimmtudagskvöldum frá 20 til 21:30 á sama stað fyrir 14 ára og eldri. Þjálfari er Stefán Geirsson og veitir hann nánari upplýsingar ef þess er óskað.

Flóðgáttin

Gísli Halldórsson í Króki sendi umsjónarmanni þéttskrifað blað með stökum sínum gömlum og nýjum sem hafa orðið til hjá honum að ýmsum ólíkum tilefnum í gegnum tíðina. Umsjónarmanni þótti sýnt að slíkt ljóðmælamagn myndi duga í tvö tölublöð Áveitunnar og verður hér birtur fyrri helmingur.

Fyrst gerir Gísli að yrkisefni nýjustu tíðindi af framboðsmálum formanns Framsóknarflokksins og upplifun sína af hjólreiðum um nágrenni sitt.

Framboð

Örlög búin enginn sér
enda fjandinn glaður.
Norður beint og niður fer
nú framsóknarmaður.

Á Partabraut

Hjólreiða ég naumast nýt
nánast allt á svaði.
Hér er fullt af hundaskít
og hrossa fúlu taði

Við endursýningar á brotum þátta Hemma Gunn rifjuðust upp fyrir Gísla vísur sem hann ort hafði þegar þættirnir voru á hátindi vinsælda sinna og Hemmi fékk til sín gesti allstaðar af landinu.

Á tali hjá Hemma Gunn

Hemmi kyssir konurnar
koss á vísu staði.
Og þær flissa alsælur
eins og hryssur væru þar.

Karl einn banginn sat og sá
sýndist angri sleginn.
Frú hans vangann einn fékk á
ærið langan Hemma frá.

Að lokum birtum við hér vísu sem Gísli orti 1991 um hrossakjötsát
mjólkurbílstjóra nokkurs.

Mjólkurbílstjóri

Kjötið hrossa Kiddi át
há krummavinum.

Milli tanna hangir honum
holdið undan taglrótunum.

Flaira verður ekki birt í Flóðgáttinni þennan mánuðinn en rétt er að minna á að
Flóðgáttin er opin fyrir vísnaverð sveitunga um allt milli himins og jarðar.
Umsjónarmaður er Stefán Geirsson.

Dagskrá mánaðarins

Æfing 5-10 bekkur	6. nóvember
Glímuæfing 14 ára og eldri	8. nóvember
Messa í Gaulverjabæjarkirkju	11. nóvember
Herbergiskvöld Kvenfélags Hraungerðishrepps	12. nóvember
Glímuæfing	12. nóvember
Æfing 5-10 bekkur	13. nóvember
Heimkvöldvaka Kvenfélags Hraungerðishrepps	15. nóvember
Glímuæfing 14 ára og eldri	15. nóvember
Harmonikkuball í Básnum	17. nóvember
Glímuæfing	19. nóvember
Æfing 5-10 bekkur	20. nóvember
Glímuæfing 14 ára og eldri	22. nóvember
Tónahátíð: <i>Valdimar</i> í Þingborg	24. nóvember
Glímuæfing	26. nóvember
Æfing 5-10 bekkur	27. nóvember
Glímuæfing 14 ára og eldri	29. nóvember
Kökubasar Kvenfélags Hraungerðishrepps	30. nóvember
Aðventustund í Hraungerðiskirkju	2. desember
Glímuæfing	3. desember
Æfing 5-10 bekkur	4. desember
Jólafundur Kvenfélags Hraungerðishrepps	15. desember